

Nd.

604. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fyrri másl. 2. málsgr. 32. gr. laganna hljóði þannig:

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík og til skattanefnda eða skattstjóra í kaupstöðum fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnda eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt tilmælum bæjarstjórnar Vestmannaeyja-kaupstaðar, og er með því stefnt að því, að framtalsfrestur til tekju- og eignarskatts verði hinn sami í kaupstöðum landsins.

Telur bæjarstjórn þetta nauðsynlegt, vegna þess að það tefur mjög fyrir niðurjöfnun útsvara, að framtalsfresturinn er núna til 28. febrúar. Niðurjöfnunarnefnd notar framtalsskýrslurnar við álagningu útsvaranna, og er því næsta nauðsynlegt, að hún fái þær sem fyrst í hendur, til þess að geta lokið niðurjöfnun tímanlega, og gjalddagi útsvaranna færast fram